



# Útflutningsverðmæti sjávarafurða aldrei meira í erlendri mynt

Á föstu meðalgengi ársins nam útflutningsverðmæti sjávarafurða 239,6 ma.kr. á síðasta ári og jókst það um 34,5 ma.kr. milli ára eða 16,8%.




Útflutningsverðmæti sjávarafurða á föstu nafngengi hefur ekki áður mælt jafn mikið ef horft er allt aftur til ársins 1961.<sup>1</sup> Næstmesta útflutningsverðmætið var árið 2015 en uppfrá því ári tók krónan að styrkjast verulega og lækkaði útflutningsverðmætið mælt í krónum töluvert. Gengisvísitala krónunnar var 167 stig að meðaltali á síðasta ári borið saman við 160 stig árið 2017 og var þetta í fyrsta skiptið síðan árið 2012 að gengi krónunnar veiktist milli ára.

## Útflutningsverðmætið jókst um 21,7% á gengi hvers tíma

Á verðlagi hvers tíma nam útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða 239,7 ma.kr. á síðasta ári borið saman við 197 ma.kr. árið áður og jókst útflutningurinn því um 42,7 ma.kr. eða 21,7%.

## Aukið útflutningsverðmæti þorsks hafði mestu áhrifin

Sú tegund sem hafði mestu áhrifin á auknið aflaverðmæti milli ára var þorskur en aflaverðmæti hans jókst um 16,7 ma.kr. milli ára og stóð hann því á bak við um 39% af aukningu aflaverðmætis sjávarafurða milli ára. Þessa miklu breytingu má skýra fyrst og fremst með auknum veiðum en þær jukust um 8,8% milli ára. Þá aukningu má fyrst og fremst skýra með sjómannaverkfallinu árið 2017 en veiðar á þorski voru mjög litlar í janúar og febrúar það ár. Útfluttur afli jókst hins vegar öllu meira eða um 9,8% en einnig má skýra auknið aflaverðmæti þorsks milli ára með verðhækkun á þorskafurðum í erlendri mynt. Alls námu veiðar á þorski um 275 þúsund tonnnum á síðasta ári sem var 22 þúsund



<sup>1</sup> Til eru gögn yfir verð helstu viðskiptamynta gagnvart íslensku krónunni allt aftur til ársins 1961. Fyrst var byrjað að reikna út gengisvísitölur árið 1991. Til að setja á fast gengi er hér farin sú leið að nota vísitölu gengisskráningar frá 1991-1998 en gengisvísitölu (þröngra skilgreiningu) frá 1999. Fyrir árið 1991 er stuðst við einfalt meðaltal breytinga á Bandaríkjadal, sterlingspundi, Kanadadal, danskri krónu, norskri krónu, sænskri krónu, svissnesks franka og japansks jens.



meiri veiði en árið 2017 en aukningin milli ára skýrist að nokkru leyti af því að vegna sjómannaverkfallsins mátti færa hluta af aflaheimildum milli ára. Það á við um fleiri tegundir en þorsk.

### ***Sjómannaverkfallið hafði ekki bara áhrif á þorskveiðar***

Verðmæti nokkurra annarra botnfisktegunda jókst einnig verulega milli ára og rétt eins og í tilfalli þorsksins kom aukningin til vegna meiri veiða sem aftur má skýra að nokkru leyti með sjómannaverkfallinu. Útflutningsverðmæti ýsu jókst um 3,4 ma.kr. á síðasta ári en veiðar á henni jukust um rúman þriðjung milli ára. Útflutningsverðmæti ufsa jókst um 2,6 ma.kr. en veiðar á honum jukust einnig um rúman þriðjung milli ára. Verðmæti Grálúðu jókst um 4,7 ma.kr. milli ára en veiðar á henni jukust um tæplega 28% milli ára. Aflaverðmæti kolmunna jókst um 5 ma.kr. milli ára en veiðar á honum jukust um 31% milli ára.

### ***Hækkun afurðaverðs í erlendri mynt hafði einnig áhrif***

Það sem einnig hjálpaði við að gera aflaverðmæti síðasta árs sem mest var verðhækkun á íslenskum sjávarafurðum mælt í erlendri mynt. Verðvísitala sjávarafurða liggur ekki fyrir vegna alls ársins í fyrra en á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins var verð sjávarafurða að meðaltali 4,6% hærra en á sama tímabili árið áður mælt í erlendri mynt.


### ***Aflaverðmætið líklegast minna á þessu ári***

Líklegt verður að teljast að veiðar á þessu ári verði minni en í fyrra og helgast það af óvenjumiklum veiðum í fyrra vegna sjómannaverkfallsins 2017 og því að færa mátti hluta af aflaheimildum milli áranna 2017 og 2018 af sömu ástæðu. Það verður því að teljast líklegt að verðmæti sjávarafurða á þessu ári verði nokkuð minna en í fyrra mælt bæði í krónum og erlendri mynt. Þessu til viðbótar má bæta að eins og staðan er í dag verða ekki heimilar neinar veiðar á loðnu en útflutningsverðmæti loðnu nam 17,8 ma.kr. á síðasta ári.

### **Aukning aflaverðmætis 2018**



### **Verðlag sjávarafurða**





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.